

# Stjórnarfundur FEB nr. 501 þriðjudaginn 10. sept. kl. 10:30

## Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Kristinn Eiríksson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Stefanía Valgeirsdóttir

**Mættir varamenn:** Jón Magnússon og Bessí Jóhannsdóttir

**Fjarverandi:** Ragnar Árnason, Árni Gunnarsson og Ástrún Björk Ágústsdóttir,

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerð 500 afgreidd og undirrituð**

- **Öldungaráð Reykjavíkur**

Stjórn FEB mótmælti formlega fækken fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkur en án árangurs og var FEB tilkynnt ný skipan öldungaráðs þar sem fulltrúum FEB hafði verið fækkað úr þremur í einn. Stjórn FEB telur að þarna sé verið að brjóta á rétti FEB og samþykkti að kæra ákvörðunina og ákvað að fá lögfræðing félagsins til að vinna málið áfram.

- **Fundur formanns með endurskoðanda FEB**

Formaður stjórnar FEB upplýsti að hann hefði átt góðan fund með endurskoðanda félagsins þar sem hann kom m.a. á framfæri óskum um breytta framsetningu á ársreikningi félagsins til að gera lestur hans skýrari. Formaðurinn óskaði enn fremur eftir fullum aðgangi að bókhaldi félagsins en til þess þarf samþykki stjórnar. Stjórn FEB samþykkti að formaður FEB hafi fullan aðgang að bókhaldi og bókhaldsgönum FEB.

- **Starfsemi og rekstur FEB.**


Stjórn FEB ákvað að haldinn yrði fundur síðar í mánuðinum þar sem dýpra yrði farið yfir starfsemi og rekstur félagsins. Í framhaldinu yrði hægt að taka ákvarðanir um breytingar ef þurfa þykir eða bæta í það sem vel er gert.

- **Önnur mál**

1. Vakin var athygli á því að stjórn FEB ætti eftir að velja two fulltrúa í samræmi við tillögu um samstarfsverkefni milli stjórnar FEB og LA sem samþykkt var á síðasta fundi stjórnar og kynna þá ákvörðun í framhaldinu formlega fyrir fulltrúaráði og stjórn LA. Samþykkt var að taka þetta fyrir á næsta stjórnarfundi FEB.
2. Kjaramál. Ljóst er að kosningavetur er framundan og nauðsynlegt er að halda hagsmuna- og kjaramálum eldri borgar vel á lofti þannig að eftir því sé tekið. Skrifstofa FEB hefur fundið fyrir þungri undiröldu hjá félagsmönnum sem eru margir hverjir á engan hátt sáttir víð sína stöðu.

Fundi slitið kl. 11:45

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.

  
Sig. Ág. Sig.  
Bessi Jóhannsdóttir  
Jón Magnússon  
Guðrún Ósk Jakobsdóttir